

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, telst framangreind krafa sóknaraðilja, Hermínu Marinósdóttur, Auðar Marinósdóttur og Huldu Marinósdóttur, um, að hinum reglulega skiptaráðanda beri að víkja sæti í máli þessu, eigi hafa við rök að styðjast og verður því eigi tekin til greina.

Málskostnaður verður eigi dæmdur.

Jón Ragnar Þorsteinsson, fulltrúi bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Krafa sóknaraðilja, Hermínu Marinósdóttur, Auðar Marinósdóttur og Huldu Marinósdóttur, um, að hinum reglulega skiptaráðanda beri að víkja sæti í máli þessu, verður eigi tekin til greina.

Málskostnaður dæmist ekki.

Fimmtudaginn 26. janúar 1978.

Nr. 50/1976. **Hafnarsjóður Seyðisfjarðar**

(Vilhjálmur Árnason hrl.)

gegn

Ísbirninum h/f og

Hafsíld h/f

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Stjórnsýsla. Hafnargjöld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Afrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 5. mars 1976. Krefst hann þess, að stefndu verði óskipt dæmdir til að greiða honum 1.711.655 krónur með 13% ársvöxtum frá 30. apríl 1975 til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsókn-

armál, en hann fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 15. mars 1976.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-kostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti andmæltu stefndu því ekki, að þeir væru réttir aðiljar málsins. Jafnframt var því lýst yfir af þeirra hálfu, að þeir teldu sig ekki eigendur þess fjár, sem þeir lögðu inn á bankabók við útibú Útvegsbanka Íslands á Seyðisfirði, eins og greint er í héraðsdómi, en sú ráðstöfun skipti engu í máli þessu.

Með bréfi stefnda Hafsíldar h/f til sjávarútvegsráðherra 22. janúar 1975 var þess farið á leit, að stefndu yrði heimilað að taka verksmiðjuskipið Norglobal á leigu, og var aðalleigu-skilmála getið. Í bréfi sjávarútvegsráðherra 24. janúar s. á. sagði, að hann samþykkti fyrir sitt leyti, að skipið yrði tekið á leigu og starfrækt hér við land á næstu loðnuvertíð. Síðan var getið 4 atriða, og er sá hluti bréfsins orðréttur í héraðsdómi.

Akvæði 24. gr. hafnarreglugerðar fyrir Seyðisfjarðarkaupstað nr. 151/1962, sbr. 4. gr. og 5. gr. reglugerðar nr. 271/1972, og 2. tl. 12. gr. hafnalaga nr. 45/1973 veittu áfrýjanda ekki heimild til þess beint eða fyrir lögjöfnun að innheimta svonefnt aflagjald, er ákvarðað væri samkvæmt framangreindum reglugerðarákvæðum, af loðnuaflla, sem skipað var upp í verksmiðjuskipið Norglobal utan marka Seyðisfjarðarhafnar. Þá verður áðurgreint bréf sjávarútvegsráðherra til stefnda Hafsíldar h/f ekki heldur metið lögmætur grundvöllur fyrir áfrýjanda til þeirrar gjaldtöku. Er hvorki sérstaklega mælt fyrir í bréfinu um álagningu og greiðslu aflagjalds né heldur var það á valdi ráðherra að ákveða gjaldtökuna utan þeirra tilvika, sem greind eru í 2. tl. 12. gr. laga nr. 45/1973. Loks verður ekki talið, að með bréfaskiptum stefnda Hafsíldar h/f og sjávarútvegsráðherra hafi stefndu orðið skuldbundnir gagnvart áfrýjanda til að greiða honum fé, er svari til þess aflagjalds, sem loðnuseljendur hefðu þurft að greiða áfrýjanda, ef þeir hefðu skipað upp aflla sínum í Seyðisfjarðarhöfn í stað þess að selja hann stefndu til vinnslu

í Norglobal. Að svo vöxnu máli ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Samkvæmt þessum úrslitum verður áfrýjanda gert að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 260.000 krónur. Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, 260.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, hafnarsjóður Seyðisfjarðar, greiði stefndu, Ísbirninum h/f og Hafsild h/f, 260.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Vilhjálm Árnasonar hæstaréttarlögmans, 260.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. febrúar 1976.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 10. þ. m., hefur Seyðisfjarðarkaupstaður f. h. hafnarsjóðs Seyðisfjarðar höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 30. apríl 1975, á hendur Ísbirninum h/f, Reykjavík, og Hafsild h/f, Seyðisfirði, til greiðslu skuldar in solidum að fjárhæð kr. 1.711.655 ásamt 13% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þeir verði sýknaðir og stefnanda gert að greiða þeim málskostnað að skaðlausu að mati dómsins, þó eigi lægri en skv. lágmarksgjaldskrá LMFÍ.

Verði fallist á efniskröfur stefnanda algerlega eða að hluta, þá krefjast stefndu þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Til vara krefjast stefndu sýknu að svo stöddu með sömu kröfum um málskostnað og í aðalkröfu.

Reynt hefur verið að koma á sátt í málinu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Helstu málavextir eru þessir:

Með bréfi, dags. 22. janúar 1975, fóru stefndu þess á leit við sjávarútvegsráðherra, að hann heimilaði þeim að taka á leigu norska verksmiðjuskipið Norglobal á loðnuvertíð þeirri, sem þá fór í hönd, enda hefði snjóskriða fallið á verksmiðju þeirra á Seyðisfirði og gert hana óstarfhæfa.

Með bréfi, dags. 24. janúar 1975, veitir sjávarútvegsráðuneytið fyrirtækjunum hið umbeðna leyfi með eftirfarandi skilyrðum:

- „1. Leiga þessi er algerlega á ábyrgð leigutaka, Hafsíldar h.f. og Ísbjarnarins h.f., og felur samþykki þetta ekki í sér neinar skuldbindingar fyrir ríkissjóð í því sambandi.
2. Leigutakar afli sér nauðsynlegra leyfa í sambandi við gjald-eyrisyfirfærslur.
3. Leigutakar kaupi hráefnið af íslenskum loðnuveiðiskipum á sama verði og loðnuverksmiðjur í landi samkvæmt ákvörðunum verðlagsráðs sjávarútvegsins og greiði öll gjöld af framleiðslunni svo sem útflutningsgjöld eins og um verksmiðju í landi væri að ræða.
4. Leyfishafar hlíti lögum og reglum um löndun á loðnu til bræðslu eins og um verksmiðju í landi væri að ræða.“

Skipið mun hafa komið til landsins í byrjun febrúar 1975 og lagðist þá fyrir akkeri úti á Reyðarfirði, en færði sig til Hvalfjarðar, þegar liðið var nokkuð á loðnuvertíðina, og lá þar til vertíðarloka.

Hinn 7. febrúar 1975 fer Hafnasamband sveitarfélaga þess bréflega á leit við samgönguráðuneytið, að það kveði upp úrskurð um innheimtu og ráðstöfun aflagjalds vegna verksmiðjuskipsins Norglobal.

Samgönguráðuneytið svarar bréfi Hafnasambandsins hinn 20. febrúar 1975. Í svari ráðuneytisins segir m. a. svo:

„Samkvæmt 12. gr. hafnalaga, nr. 45/1973, er heimilt að leggja á nánar tiltekin gjöld „til þess að standast kostnað við hafnargerð og árlegan rekstrarkostnað hafnar eða í þágu hafnarinnar, eftir að hafnargerð er hafin.“

Þau gjöld, sem hér skipta máli, eru:

1. „Skipagjöld á skip þau og báta, er nota höfnina.“ (Þ. e. lesta-gjald, bryggjugjald, hafnsögugjald o. þ. h.).
2. „Vörugjöld af vörum, sem umskipað er, útskipað eða uppskipað í höfn, þar á meðal sjávaraflla, sem lagður er á land á hafnar-svæðinu.“

Ef litið er til greindra gjalda, er ljóst, að not hafnar eða hafnar-

mannvirkis er algjört skilyrði innheimtu þeirra og því enginn grundvöllur gjalddöku samkvæmt hafnalögum, er skip liggur utan hafnarmarka, en höfn er skýrt og afmarkað hugtak í skilningi hafnalaganna, sbr. 1. tl. 26. gr. þeirra, sbr. einnig hér 1. gr. hafnarreglugerðar fyrir Reyðarfjörð, nr. 277/1968, sbr. breyting á þeirri reglugerð nr. 27/1974.

Niðurstaða ráðuneytisins samkvæmt framanrituðu er því sú, að krafa um gjalddöku verði ekki byggð á hafnalögum, nr. 45/1973, nema skip liggi innan hafnarlínu, og renni þá gjald til viðkomandi hafnarsjóðs.

Er þá að athuga, hvort gjaldskylda á aflagjaldi leiði af ákvæðum í rekstursleyfi Norglobal eða skilyrðum, sem sett voru fyrir slíku leyfi, eða forsendum, sem leyfið er byggt á.

Í bréfi, dags. 24. janúar s.l., þar sem sjávarútvegsráðuneytið heimilar rekstur skipsins, segir svo um skyldur leyfishafa:

„3. Leigutakar kaupi hráefnið af íslenskum loðnuveiðiskipum á sama verði og loðnuverksmiðjur í landi samkvæmt ákvörðunum verðlagsráðs sjávarútvegsins og greiði öll gjöld af framleiðslunni svo sem útflutningsgjöld, eins og um verksmiðju í landi væri að ræða.

4. Leyfishafar hlíti lögum og reglum um löndun á loðnu til bræðslu, eins og um verksmiðju í landi væri að ræða.“

Það er skoðun samgönguráðherra, að ein forsenda samþykkis ríkisstjórnarinnar hafi verið, að fullt aflagjald væri greitt af öllum aflu, sem verksmiðjuskipið tæki við, og rynni það til hafnarsjóðs Seyðisfjarðar, ef skipið lægi ekki innan marka annarrar hafnar og væri gjaldskylt þar.

Framangreind sjónarmið hafi aðallega verið rökstudd með því, að Hafsíld h.f., annar leigutaki Norglobal, ætti heimili og varnarþing á Seyðisfirði. Fiskimjölsværksmiðja sú, sem skemmdist þar nýlega í snjóflóði, hafi að hluta verið eign Hafsíldar h.f., og hafi hafnarsjóður Seyðisfjarðar notið góðs af aflagjaldi af þeim afla, sem þar hafi verið landað. Ljóst er, að téð verksmiðjuskip hafi aðallega verið tekið á leigu til að leysa verksmiðjuna af hólmi, meðan hún er óstarfhæf.

Samkvæmt framansögðu telur ráðuneytið, að hér sé um að ræða samningsbundna skyldu umráðamanna Norglobal til að standa skil á aflagjaldi til hafnarsjóðs Seyðisfjarðar.“

Hinn 13. mars 1975 ritar lögmaður stefnanda stefndu bréf, þar sem þeir eru krafðir um greiðslu á aflagjaldi til hafnarsjóðs Seyðisfjarðar. Er í bréfi þessu bæði vitnað til leyfis sjávarútvegsráðu.

neytisins frá 24. janúar 1975 svo og til skilnings samgönguráðuneytisins á þessu leyfi, eins og hann birtist í bréfi ráðuneytisins hinn 20. febrúar 1975.

Aflagjald það, sem hér um ræðir, nemur 1% af loðnuafla þeim, sem lagður var upp í Norglobal á framangreindu tímabili. Afli þessi mun hafa verið 74.148 lestir. Einn hundraðasti af verðmæti aflans nemur stefnufjárhæð málsins.

Eigi greiddu stefndu stefnanda hið umkrafða aflagjald, enda mun um þetta leyti hafa verið kominn upp ágreiningur um það, hvort þeim útgerðarmönnum, sem áttu skip, er lögðu upp afla í Norglobal, bæri skylda til þess að greiða gjald þetta. Stefndu, sem höfðu innheimt gjaldið af skipum þeim, sem lögðu upp í Norglobal, tóku því það ráð að leggja andvirði aflagjaldsins inn á bundna bankabók, þar sem það yrði geymt, þar til búið væri að skera úr málinu fyrir dómstólum eða á annan hátt.

Stefnandi byggir dómkröfu sína á þeim málsástæðum, að ein höfuðforsendan fyrir leyfisveitingunni hafi verið sú, að litið skyldi á Norglobal að öllu leyti sem verksmiðju í landi, og skyldu allar sömu reglur gilda um verksmiðjuskipið. Jafnframt hafi allir viðskiptavinir Norglobal átt að njóta sömu kjara, eins og þeir hefðu landað afla sínum hjá verksmiðju í landi. Út frá þessum forsendum verði að túlka leyfisveitingu sjávarútvegsráðuneytisins frá 24. janúar 1975. Þetta hafi leigutökum verið ljóst og þeir jafnframt samþykkt þetta. Verði því að líta svo á, að leigutakar hafi gengist undir að sjá svo um, að aflagjald yrði greitt af uppskipuðum afla. Sé þessi túlkun samhljóða túlkun samgönguráðherra frá 20. febrúar 1975 og eðlilegasta túlkunin, er litið sé á alla málavexti. Þá var því haldið fram af hálfu stefnanda, að það væri venja, að fiskverksmiðjur í landi sjái um innheimtu á aflagjöldum hjá útgerðarmönnum vegna hinna ýmsu hafnarsjóða, og séu þær jafnframt gerðar ábyrgar fyrir þeim til hafnarsjóðs, ef þær vanræki innheimtu gjaldanna, sbr. 10. gr. gjaldskrár fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðar, útgefna af samgönguráðuneytinu 4. mars 1975. Einnig vitnar stefnandi til 12. gr. hafnalaga nr. 45 frá 25. apríl 1973 máli sínu til stuðnings, en í þessu máli sé verið að krefja stefndu um fjárhæð, sem samsvari aflagjaldi. Það væri óeðlilegt, ef þeir, sem legðu upp loðnuafla í Norglobal, yrðu betur settir en þeir, sem legðu upp afla sinn hjá verksmiðjum í landi.

Í greinargerð stefndu kemur m. a. fram, að þeim hafi verið rétt og skylt að innheimta framangreint aflagjald og skila því síðan tryggilega til hins rétta viðtakanda, en um það atriði sé ekki fjall-

að í leyfinu. Hvort þessi skilyrði séu ólögð, t. d. vegna valdþurrðar eða valdníðslu, er „ósagt látið“, en svo virðist sem tilgangur skilyrðanna hafi fyrst og fremst verið að tryggja jafnræði loðnukaupenda fremur en þau sjónarmið, sem liggja aflagjaldinu að baki, þ. e. kostnaður vegna hafnaraðstöðu. Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að úrskurður samgönguráðherra frá 20. febrúar 1975 liggi ekki í augum uppi og kunni að vera haldinn annmörkum að formi til og efni. Þetta sé þó ekki höfuðatriði stefndu, heldur sá vafi og réttaróvissa, sem uppi sé. Því hafi stefndu ákveðið að leggja fjárhæðina inn á bundna bankabók. Stefndu hafi því eingöngu verið innheimtuaðiljar aflagjaldsins, en séu ekki lengur vörslumenn fjárens. Þetta leiði til sýknu vegna aðildarskorts eða á efnisgrundvelli.

Við munnlegan flutning málsins mótmæltu stefndu því sérstaklega, að þeir hefðu bundist samningsskyldu til að greiða aflagjald. Enginn samningur liggi til grundvallar, heldur sé eingöngu um einhliða skilyrt stjórnvaldsleyfi að ræða. Engin lög hafi heimilað framangreint skilyrði. Því sé skilyrði þetta ólögð. Að endingu hélt lögmaður stefndu því fram við munnlegan flutning, að skilyrðin í leyfinu byggðust á valdníðslu og efnisannmörkum. Skýringar samgönguráðherra á leyfinu frá 20. febrúar 1975 byggðust á valdþurrð.

Við munnlegan flutning málsins andmælti lögmaður stefnanda sem of seint fram kominni þeirri málsástæðu stefndu, er fram kom við munnlegan flutning málsins, að skilyrðin um greiðslu gjalda vegna Norglobal væru ólögleg.

Niðurstaða dómsins.

Sú málsástæða stefndu, að gjaldheimtu þessa skorti lagastoð, er lögskýringaratriði, en ekki ágreiningur um málavöxtu. Hún tefur ekki fyrir málinu. Þegar þetta er haft í huga, þykir málsástæðan ekki of seint fram komin.

Aflagjald það, sem hér um ræðir, er skattur í merkingu 40. gr. stjórnarskrárinnar, enda er það hvorki endurgjald fyrir aðstöðu né þjónustu. Slíkan skatt má ekki leggja á nema með lögum.

Lagaheimild brestur til slíkrar skattheimtu, enda á 12. gr. hafnalaga nr. 45 25. apríl 1973 ekki við hér, þar sem loðnuafllinn var ekki lagður á land á hafnarsvæði Seyðisfjarðar. Ekki verður skattheimta þessi heldur byggð á löggjöfnun frá téðu lagaákvæði.

Fallast ber á það með stefndu, að leyfi sjávarútvegsráðuneytisins til leigu á Norglobal hinn 24. janúar 1975 sé ekki samningur, heldur stjórnarathöfn. Í leyfi þessu er hvergi berum orðum að

því vikið, að stefndu eigi að greiða aflagjald af þeim afla, sem skipað er um borð í Norglobal, hins vegar segir m. a., að leigutakar (þ. e. stefndu) „greiði öll gjöld af framleiðslunni svo sem útflutningsgjöld, eins og um verksmiðju í landi væri að ræða.“

Það hefur eigi stóð í lögum að leggja 1% aflagjald á þann loðnu-afla, sem skipað var upp í Norglobal á framangreindri loðnuvertíð. Skilyrði þau, sem upp eru talin í leyfi sjávarútvegsráðuneytisins frá 24. janúar 1975 og gjaldtaka þessi er reist á, eru því markleysa.

Sama máli gegnir um túlkun samgönguráðuneytisins hinn 20. febrúar 1975 á þessari stjórnarathöfn.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum málalokum verður stefnandi dæmdur til að gjalda stefndu málskostnað, er ákveðst kr. 258.000.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ísbjörninn h/f og Hafsíld h/f, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Seyðisfjarðarkaupstaðar f. h. hafnarsjóðs Seyðisfjarðar, í máli þessu. Stefnandi greiði stefndu kr. 258.000 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.